

<i>Fundarboðandi:</i>	Sigurborg Daðadóttir	<i>Fundarstaður:</i>	Matvælastofnun, Dalshraun 1b, Hafnarfirði
<i>Fundarstjóri:</i>	Sigurborg Daðadóttir	<i>Dagsetning:</i>	26. maí 2020
<i>Fundarritari:</i>	Sigurjón Njarðarson	<i>Fundartími:</i>	13:00 – 15:00

*Pátttakendur:* Sigurborg Daðadóttir (Yfirdýralæknir, formaður Fisksjúkdómanefndar), Gísli Jónsson (Sérgreinadýralæknir fisksjúkdóma hjá Matvælastofnun), Guðni Magnús Eiríksson (f.h. Fiskistofu), Árni Kristmundsson (f.h. Tilraunastöðvar H.Í. í meinafræði að Keldum), Guðni Guðbergsson (f.h. Hafró).

## Dagskrá

1. Ráðgjöf til Matvælastofnunar vegna umsókna um lyfjameðhöndlun eldisfiska
2. Um störf nefndarinnar
3. Önnur mál

## Umræða

### 1. Ráðgjöf til Matvælastofnunar vegna lyfjameðhöndlunar eldisfiska í sjókvíaeldi

- a) Umsókn um leyfi til að lúsameðhöndla eldisfisk með AlphaMax lúsalyfi (Deltrametrin) við Tjaldanes í Arnarfirði: Fisksjúkdómanefnd leggur til að heimila beri lyfjameðhöndlun í samræmi við þar að lútandi umsókn. Nefndin telur þó nauðsynlegt að skilyrða beri leyfið því að samhliða fari fram prófun á næmi bæði fiski- og laxalúsar fyrir sníkjudýralyfjunum Emamectin benzoat, Deltrametrin og Azamethiphos á sjókvíaeldissvæðum viðkomandi eldisstöðvar.
- b) Umsókn um leyfi til að lúsameðhöndla eldisfisk með Salmosan (Azamethiphos) lúsalyfi við Eyrarhlíð í Dýrafirði: Að mati nefndarinnar er sjúkdómsstaða eldisfisks í umræddum kvíum ekki þannig vaxin að ástæða sé til lyfjameðhöndlunar að sinni. Nefndin leggur áherslu á að áfram verði fylgst með fjölda sníkjudýra í viðkomandi kvíum og gripið verði til viðeigandi ráðstafana ef svo ber undir.
- c) Umsókn um leyfi til að lúsameðhöndla eldisfisk með SliceVet lúsalyfi (Emamectin benzoat) við Haukadalsbót í Dýrafirði: Að mati nefndarinnar er sjúkdómsstaða eldisfisks í umræddum kvíum ekki þannig vaxin að ástæða sé til lyfjameðhöndlunar að sinni. Nefndin leggur áherslu á að áfram verði fylgst með fjölda sníkjudýra í viðkomandi kvíum og gripið verði til viðeigandi ráðstafana ef svo ber undir.

### 2. Störf Fisksjúkdómanefndar

Rætt var almennt um störf nefndarinnar. Samþykkt var að fela ritara nefndarinnar að taka saman drög að verklagsreglum fyrir Fisksjúkdómanefnd.

### 3. Önnur mál

Nefndin hvetur eindregið til þess að vísindasamfélagið, opinberir aðilar og hagsmunaaðilar í fiskeldi sameinist um að framkvæma víðtækar rannsóknir á vistfræði fiski- og laxalúsar annars vegar og hvert sé næmi sýkla og sníkjudýra fyrir meðhöndlun með sýkla- og sníkjudýralyfjum hins vegar.

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl. 15:00, Næsti fundur nefndarinnar er áætlaður 22. júní 2020.